

Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og aðrir gestir. Ég heiti Arnheiður Anna Hallvarðsdóttir og kem ég hér fram sem fulltrúi félagsmiðstöðvarinnar Arnardalur.

Fyrir tæplega tveimur vikum var ég stödd á málþingi unga fólksins á akranesi og ræddum við um margt sem er flott við Akranes, skólamálin hér og tómstundir og íþróttir, en einnig um það sem má bæta. Við erum heppin með góða kennara, sem hjálpa nemendum. Skemmtilegar bæjarskemmtanir og hér er gott að búa.

Eitt af þeim atriðum sem má bæta, er að það mætti hafa læsta skápa í unglíngadeildunum í báðum grunnskólum. Mér finnst þetta vera mikilvægt atriði vegna þess að við viljum hafa dótið okkar öruggt og því miður hefur það komið fyrir að krakkar fara í persónulega muni annarra. Þægilegt væri að geta stungið hlutunum sínum inn í læstan skáp og maður veit þá að þeir eru á öruggum stað. Hugmyndin væri þá að hægt væri að leigja þá á 5.000 kall yfir allt skóla árið. Ég geri mér grein fyrir að kostnaður á svona hlutum er mikill en væri þá kannski hægt að safna fyrir þessu í báðum skólum.

Eins og komið hefur fram er hægt að æfa margar íþróttagreinar á Akranesi. Mig langar hins vegar til að kanna hvort bærinn geti hjálpa til við að efla kvennakörfuboltann. Ég trúi því að það séu stelpur sem væru til í að æfa og spila körfubolta en vantar einhverj hvatnignu.

Annað atriði er að endurnýja eða bæta líkamsræktarstöðvarnar á bæði Vesturgötu og Jaðarsbökkum. Á Vesturgötu er frekar léleg líkamsræktaraðastaða og langar mig að spyrja ykkur bæjarfulltrúar hvort standi til bæta þá aðstöðu eitthvað með nýja fimleikahúsinu? Á Jaðarsbökkum er ágæt aðstaða en hún gæti verið betri. Nú veit ég að það stendur til að byrja á nýju íþróttahúsi við Jaðarsbakka. Verður gert ráð fyrir nýrri líkamsrækt í því húsi? Eða er verið að skoða málið heildstætt?

Einnig langar mig að bæta inn þeirri hugmynd að hafa fleiri bæjarskemmtanir eða bæjarhátíðir. Þær bæjarskemmtanir sem eru nú þegar til eru frábærar eins og Írskir dagar, Vökudagar og Þorablót Skagamanna, en mér finnst það ekki vera nóg. Hugmyndin væri þá að setja upp einhverjar nýjar bæjarskemmtanir og hafa þá eitthvað meira fyrir okkur ungmennin þ.e aldurinn frá 14-18 ára. Til dæmis að gera svipað og þorablótið. Í staðinn fyrir þorramat að hafa kannski hamborgara, pizzu eða jafnvel bæði og auðvitað meðlæti, en breyta þá nafninu á þessum vitburði líka. Skemmtiatri væru á meðan maturinn væri og svo ball í endann. Önnur hugmynd væri að hafa fjölskyldudag í íþróttahúsinu á Vesturgötu. Gengi hann þannig fyrir sig að fjölskyldur hér á Akranesi gætu komið saman og skemmt sér. Það gæti verið í formi tónleika, uppstands eða álíka sem passar fyrir alla fjölskylduna. Allaveg eitthvað sem passar fyrir alla og líka unglíngana því oftast er aðallega verið a hugsa um eitthvaðr fyrri litlu börnin, sem er gott og fullorðna en unglíngar gleymast oft.

Mig langar að benda á að á við byggingu fimleikahúss minnkaði skólalóðin okkar í Brekkubæjarskóla mjög mikið og ég spyr, stendur til að bæta t.d einhverjum grasbletti við lóðina, nýrri aparólu eða fleiri klifurgrindum?

Að lokum langar mig að hrósa ykkur fyrir að gefa okkur unga fólkinu tækifæri til að koma skoðunum okkar á framfæri. Ég er viss um að það hefur skilað miklu t.d það hefur flýtt fyrir byggingu fimleikahúss að unglíngar hafa talað um aðstöðuleysi fimleikanna á mörgum svona fundum.